

RÝMINGARÁÆTLUN

Í Þingeyjarskóla er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi og neyðarlýsing.

Flóttaleiðir eru ein eða fleiri úr hverju kennslurými.

Allir kennarar skólans hafa nafnalista yfir alla þá hópa sem þeir kenna og hafa þá meðferðis í kennslustundir. Við útgönguleið úr öllum kennslurýmum eru teikningar sem sýna flóttaleiðir úr skóla og söfnunarsvæði fyrir utan skólann. Þar hangir einnig ferningur sem kennarar taka með sér þegar yfirgefa þarf kennslurými vegna brunaboða.

Nauðsynlegt er að starfsfólk kynni sér vel rýmingaráætlun skólans og þjálfí nemendur í að fylgja henni og þeim flóttaleiðum sem þar eru gefnar upp.

Söfnunarsvæði nemenda og starfsfólks Þingeyjarskóla er steipt stétt á milli skóla og Ýdala. Umsjónarmenn söfnunarsvæðis eru skólastjórar og teymis/deildarstjórar.

Aðgerðir starfsfólks þegar brunakerfi fer í gang

- Húsvörður/skólastjóri aðgætir stjórnstöflu og finnur hvaðan brunaboðin koma.
- Starfsfólk og nemendur halda kyrru fyrir á þeim stöðum sem þeir eru staddir á.
- Almenna reglan er sú að ef brunaboð slokknar og kviknar ekki aftur þarf ekki að rýma skólahúsnæðið.
- Ef brunaboð slokknar ekki eða kviknar strax aftur eftir að hafa þagnað í stutta stund þarf að rýma skólahúsnæðið.

Þegar eldur kviknar hefur starfsfólk í heiðri eftirfarandi reglur í þessari röð:

- Lífsbjörg.
- Sækja hjálp, hringja í 112.
- Slökkva eld.

Ef brunakerfi fer í gang og rýma þarf skólann gerist eftirfarandi:

Skólastjórnendur/húsvörður:

- Fer að stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis við inngang til að kanna hvaðan boð um eld berast og sér um samskipti við Securitas.
- Fer að söfnunarsvæði skólans og tekur við upplýsingum frá kennurum og starfsfólki.
- Fer yfir hvort allir starfsmenn séu komnir út.

Kennari/starfsmaður sem er með nemendahóp:

- Tekur manntal samkvæmt nemendalista.
- Kannar útgönguleiðir.
- Leggur af stað út úr skólanum með nemendahópinn og tekur með sér litaða ferninginn sem hangir við útganginn úr kennslurýminu.
- Lokar hurðinni að kennslurýminu og gefur með því til kynna að enginn sé eftir inni.
- Fer með nemendahópinn að söfnunarsvæðinu og tekur aftur manntal. Ef einhvern vantar lætur kennarinn skólastjóra/húsvörð vita.
- Stendur fremstur í nemendahópnum sínum á söfnunarsvæði og heldur á ferningi sem er rauður öðru megin og grænn hinum megin.

Grænn litur fram – Allir eru mættir.

Rauður litur fram – Nemanda/nemendur vantar sem mættir voru um morguninn.

- Kennari/starfsmaður yfirgefur ekki nemendur.
- Kennari/starfsmaður með nemendahóp sem engan vantar í má koma hópnum í húsaskjól inn í Ýdali.

Starfsfólk sem ekki er í kennslustund með nemendum:

- Tekur með sér forfallalista nemenda á leið út úr skólanum.
- Aðstoðar við að rýma skólahúsnæðið eftir þörfum.
- Kannar hvort einhverjir nemendur séu á göngum, bókasafni, salernum eða öðrum svæðum á leið sinni út úr skólanum.

Nemendur í frítíma:

- Fara beint út um næsta útgang og að söfnunarsvæði nemenda.

Eldur á skólatíma og nemendur í frítíma inni í skóla:

- Brunavarnakerfi fer í gang.
- Nemendur fylgja fyrirmælum næsta starfsmanns sem leiðbeinir nemendum að næsta útgangi.
- Nemendur fara að söfnunarsvæði skólans.
- Umsjónarkennarar taka með sér nafnalista og hitta nemendur við söfnunarsvæði skólans, taka manntal og gefa til kynna með litaspjöldum hvort allir eru mættir eða einhvern vantar.
- Annað starfsfólk tekur forfallalista og athugar bókasafn, ganga og salerni á leið sinni út.
- Þegar allir eru komnir að söfnunarsvæðinu við Ýdali tekur sama ferli við og áður (sjá hér að ofan).

Eldur á skólatíma og nemendur utandyra:

- Brunavarnakerfi fer í gang.
- Nemendur, ásamt því starfsfólki sem er utandyra, fara stystu leið að söfnunarsvæði skólans við Ýdali.
- Starfsfólk sem er innandyra fer að næstu útgönguleið, Umsjónarkennarar taka með sér nafnalista og skólastjóri/húsvörður tekur með sér forfallaskráningu.
- Þegar allir eru komnir að söfnunarsvæðinu við Ýdali tekur sama ferli við og áður (sjá hér að ofan).